

From: Sigurbjörg Erla Egilsdóttir - bæjarfulltrúi <sigurbjorg.erla@kopavogur.is>
Sent: Tuesday, 20 May 2025 12:01
To: Pálmi Þór Másson - bæjarritari <palmi.thor.masson@kopavogur.is>; Orri Vignir Hlöðversson - formaður bæjarráðs <Orri.Hlodversson@kopavogur.is>; Ásdís Kristjánsdóttir - bæjarstjóri <Asdis.Kristjansdottir@kopavogur.is>
Cc: Helga Jónsdóttir - bæjarfulltrúi <Helga.Jonsdottir@kopavogur.is>; Bergljót Kristinsdóttir - bæjarfulltrúi <bergljot@kopavogur.is>; Theódóra Þorsteinsdóttir - bæjarfulltrúi <theodora.thorsteins@kopavogur.is>
Subject: Erindi fyrir bæjarráð

Tillaga um stöðvun samnings um kaup á Kjarna launa- og mannauðskerfi vegna óvissu um lögmæti

Með vísan til minnisblaðs dags. 2. maí 2025 frá deildarstjóra innkaupadeildar, sem sent var til innkaupanefndar:

Tillaga:

Bæjarráð Kópavogs samþykkir að stöðva umsvifalaust framkvæmd samnings við Origo ehf. um kaup á Kjarna mannauðs- og launakerfi, þar til gerð hefur verið óháð lögfræðileg úttekt á lögmæti samningsins og lögformlegum forsendum fyrir tilurð hans.

Rökstuðningur:

1. **Samningurinn var gerður án útboðs eða auglýsingar**, þrátt fyrir að heildarverðmæti hans yfir 48 mánaða tímabil sé 71.508.500 kr., sem er vel yfir viðmiðunarfjárhæð fyrir útboðsskyldu skv. lögum um opinber innkaup (OIL) 23. gr. og 28. gr.
2. **Innkaupadeild var hvorki upplýst né höfð með í ráðum.** Ákvörðun um kaup tóku bæjarritari og mannauðsstjóri. Samkvæmt minnisblaði deildarstjóra innkaupadeildar var ákvörðunin aldrei borin undir innkaupadeild.
3. **Engar haldbærar lagastoðir hafa verið lagðar fyrir um heimild til framhaldskaupa.** Kjarni er sjálfstætt kerfi, óháð SAP, og krefst sömu innleiðingar og önnur kerfi sem boðin eru á samkeppnismarkaði. Því verða ákvæði 90. gr. OIL ekki notuð sem réttlæting fyrir samningsgerð án útboðs.
4. **Skortur á gagnsæi, jafnræði og meðalhófi**, sem brýtur gegn meginreglum OIL skv. 15. gr. laga um opinber innkaup. Verðmunur á milli Kjarna og samkeppnisaðila er óverulegur og ekkert sem bendir til þess að annar aðili gæti ekki uppfyllt sömu kröfur í útboði.
5. **Hætta er á orðsporsskaða fyrir bæinn og kærum**, verði ekki brugðist tafarlaust við. Samningurinn er gerður þótt vísbendingar sé um að hann standist ekki kröfur laga um opinber innkaup.

Í ljósi framangreinds telja undirritaðar brýnt að bæjarráð bregðist við af ábyrgð og stöðvi framkvæmd samningsins þar til fyrir liggur álit óháðs lögfræðings um að hann standist lög.

Bestu kveðjur,

Sigurbjörg Erla Egilsdóttir
Bæjarfulltrúi
sigurbjorg.erla@kopavogur.is



Kópavogsbær

kopavogur.is

Digranesvegur 1

| 200 Kópavogur

| Sími 4410000

